Nr. 6.
26.
febr.

# Lög

um

sjerstakt gjald til brúargjörða

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur. **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Heimilt er hverri sýslunefnd, ef henni þykir ástæða til, að leggja á sýslubúa sjerstakt gjald til að gjöra brýr yfir ár í sýslunni og halda þeim við; en eigi má gjald þetta fara samtals fram úr 5 a. fyrir hvert lausafjárhundrað og hvern verkfæran mann í sýslunni, nema það sje samþykkt af $^2/_3$ nefndarmanna og amtsráðið veiti samþykki sitt.

2. grein.

Gjaldi því, er sýslunefndin leggur á eptir 1. gr., skal skipt niður á hreppana í sýslunni eptir samtölu lausafjárhundraða og verkfærra manna í hverjum hreppi fyrir sig.

3. grein.

Gjald það, er hverjum hreppi ber að greiða eptir 2. gr., skal greiðast úr sveitarsjóði til oddvita sýslunefndarinnar, og gilda um það sömu reglur sem um sýslusjóðsgjald.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 26. febrúar 1898.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 6.
26de
Febr.

om

## en særlig Afgift til Brobygning.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

**Gøre vitterligt:** Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ethvert Sysselforstanderskab er, naar det dertil finder Anledning, berettiget til at paalægge Sysselets Beboere en særlig Afgift, der anvendes til Anlæg og Vedligeholdelse af Broer over Aaer inden Sysselet. Dog maa den samlede Afgift ikke overstige 5 Øre for hvert Løsegodshundrede og 5 Øre for hver arbejdsfør Mandsperson i Sysselet, medmindre det er vedtaget af $^2/_3$ af Sysselforstanderskabets Medlemmer, og Amtsraadet dertil meddeler sit Samtykke.

§ 2.

Den af Sysselforstanderskabet i Henhold til § 1 fastsatte Afgift paalignes Sysselets Repper efter det samlede Antal af Løsegodshundreder og arbejdsføre Mandspersoner i hver enkelt Rep.

§ 3.

Det Beløb, som hver Rep har at udrede efter § 2, erlægges af Repskassen til Sysselforstanderskabets Formand, og gælde derom de samme Regler som om Afgiften til Sysselkassen.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 26de Februar 1898.**

---

**Ministeriet for Island, den 26de Februar 1898.**

*Rump.*

---

*Ólafur Halldórsson.*